

**52. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 29. nóvember og hófst hann kl. 13:00.****Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2018
2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2018
3. Gjaldskrár fyrir árið 2018
4. Fundargerðir
5. Fjárhagsáætlun 2018-2021, fyrri umræða
6. Ljósastaurar
7. Næsti fundur hreppsnefndar

**Gengið til dagskrár:****1. Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2018**

Tillaga um að álagningarhlutfall haldist óbreytt á milli ára.

Fasteignaskattur A, 0,23% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Gjalddagar verða sex talsins árið 2018, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí.

Þar sem heildarupphæð er undir 20.000 kr. er einn gjalddagi, 1. apríl.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfaþósti. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimasíðunni [www.island.is](http://www.island.is).

Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt.

Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfaþósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

Samþykkt.

**2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2018**

Samþykkt að útsvarsprósentu verði 12,44% fyrir árið 2018.

**3. Gjaldskrár fyrir árið 2018**

Vatnsgjald; skv. sérstakri gjaldskrá, Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. helst óbreytt á milli ára.

Samþykkt.

Sorphirðugjöld skv. gjaldskrá, Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Samþykkt.

Sameiginleg gjaldskrá Rangárbings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2018 í íþróttamiðstöðvarnar á Hellu, Laugaland og Þykkvabæ.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Skólagjaldskrá; skv. gjaldskrá Odda bs.

Gert er ráð fyrir að leikskólagjöld í gjaldskrá Odda bs. lækki um 1/3 af gjaldskrá frá 2017. Samþykkt að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2018 að auka niðurgreiðslu á vistunargjöldum með því að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. 2018 fyrir börn í leikskóla, áfram verður niðurgreiðsla á vistun fyrir 5 ára börn 100%. Greitt verður áfram 100% mótuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

#### 4. Fundargerðir

##### a) 47. fundur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs., haldinn 9. nóvember sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar.

###### Liður 1. 1710044 - Fjárhagsáætlun 2018

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir Umhverfis- og tæknisvið uppsveita fyrir árið 2018.

Niðurstaða stjórnar:

Fjárhagsáætlun samþykkt með þeirri breytingu að fjárfestingar og nýjar afborganir fari úr 9.6 milljónum í 8 milljónir. Heildarkostnaðaráætlun fyrir byggðasamlagið fyrir árið 2018 er skv. áætluninni 149.898.357 kr.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

##### b) 28. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., haldinn 31. október sl. liður 4 þarfnast umfjöllunar.

Liður 4. Helga Lind, starfandi félagsmálastjóri kynnir tillögur að breyttu fyrirkomulagi að skipulagi félagslegrar heimaþjónustu. Tillagan felst í því að starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu verði ráðnir inn til félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en ekki inn til einstakra aðildarsveitarfélaga eins og nú er. Tilgangur tillögunar er að einfalda fyrirkomulag þjónustunnar og gera það skilvirkara.

Bókun: Stjórnin tekur vel í tillögurnar og leggur til við sveitastjórnir að sveitarfélögin í Rangárvallasýslu taki upp fyrirkomulagið til reynslu.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leyti.

##### c) 50. fundur Vatnveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. haldinn 21. nóvember sl.

Hreppsnefnd furðar sig á því verklagi að fundur hafi verið haldinn vitandi það að hvorki aðal- né varamaður Ásahrepps hafi haft tæk á að mæta á fundinn. Hreppsnefnd lítur þessa framkomu alvarlegum augum frá stærsta samstarfsaðila sínum og harmar þessi vinnubrögð samlagsins.

##### d) 19. fundur Odda bs. haldinn 13. nóvember sl. liður 3 og 4 þarfnast umfjöllunar.

###### Liður 3. 1711019 - Gjaldskrá Odda bs 2018

Drög að gjaldskrá 2018 fyrir byggðasamlagið Odda.

Niðurstaða stjórnar:

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs. Gjaldskráin er óbreytt frá síðasta ári nema hvað gert er ráð fyrir að gjöld fyrir leikskóla lækki um 1/3 og skóladagheimili sem nemur 1/4.

Samþykkt samhljóða.

Bókun hreppsnefndar: Gert er ráð fyrir að leikskólagjöld í gjaldskrá Odda bs. lækki um 1/3 af gjaldskrá frá 2017. Samþykkt að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2018 að auka niðurgreiðslu á vistunargjöldum með því að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. 2018 fyrir börn í leikskóla, áfram verður niðurgreiðsla á vistun fyrir 5 ára börn 100%. Greitt verður áfram 100% mótuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

Samþykkt.

###### Liður 4. 1709025 - Rekstraráætlun 2018 - Oddi bs.

Niðurstaða stjórnar:

Lögð fram og rædd drög að fjárhagsáætlun næsta árs fyrir Odda bs. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði 811.280.000 sem skiptist þannig að hlutur Rangárbings ytra verður 688.184.153 og hlutur Ásahrepps 123.095.847. Áætlunin miðar við fjölda

grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2017 sem er 202 grunnskólabörn og 103 leikskólabörn sem eru 138.9 barngildi.

Tillaga um að samþykkja fjárhagsáætlun 2018 fyrir Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

Bókun hreppsnefndar:

Hreppsnefnd Ásahrepps leggur áherslu á að jafnræðis sé gætt við þjónustu við börn og foreldra innan skóla Odda bs. Oddvita og sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með framkvæmdarstjóra og stjórnarformanni Odda bs.

Jafnframt minnir hreppsnefnd á bókun frá 45. fundi hreppsnefndar Ásahrepps sem haldinn var 10. maí sl. undir lið 3. fundargerðir f) 14. fundur Odda bs. haldinn 11. apríl sl. liður 2 þarfnast umfjöllunar. Liður 2. 1703050 - Ársreikningur Odda bs 2016

Samkvæmt upplýsingum þá var kostnaði vegna samnings Rangárþings ytra við HSU deilt á skólana. Skilningur hreppsnefndar er að samningurinn tilheyrir Rangárþingi ytra enda var samningurinn lagður fram til kynningar á 1. fundi Odda bs. en ekki til samþykktar. Jafnframt leggur hreppsnefnd til að greindur verði kostnaður skóladagheimilisins umfram það sem er opið á skólatíma í báðum skólunum.

Samþykkt að vísa erindunum til stjórnar Odda bs.

Enn hefur ekki borist formlegt svar frá stjórn Odda bs.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi áætlun fyrir sitt leyti.

**e) 144. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 9. nóvember sl.**

Lagt fram til kynningar.

**f) 145. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 23. nóvember sl. liður 1, 2 og 3 þarfnast umfjöllunar.**

**Liður 1. 1711034 - Ás 1 spilda 2 (Faxaborg) Inr 220760: Ný íbúðar- og hesthúsalóð:**

**Deiliskipulagsbreyting**

Lögð fram umsókn Eyðísar Þ. Indriðadóttur dags. 14. nóvember 2017 um breytingu á deiliskipulagi sem nær til landsins Ásborgar og tveggja spildna úr landi Áss. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri rúmlega 2 ha lóð úr landinu Ás 1 spilda 2 (Inr. 220760) sem fái heitið Borg 1 og að þar verði heimilt að byggja 70 fm íbúðarhús og lítið hesthús. Þá er gert ráð fyrir að landið Ás 1 spilda 2 fái heitið Faxaborg.

Niðurstaða:

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulaginu verði breytt á þann veg að nýrri lóð verði bætt við í samræmi við fyrirbyggjandi umsókn. Nefndin gerir þó athugasemd við að lóðin fái heitið Borg 1 þar sem nafnið Borg er þegar til á landi á sama svæði (í Þykkvabæ). Með vísun í nýsamþykktu reglugerð nr. 577/2017 um skráningu staðfanga væri æskilegt að ný lóð og núverandi land fengju heiti eftir aðkomuvegi að löndunum, þ.e. Laufásvegi. Er breytingin óverulega að mati nefndarinnar og mælir með að hún verði samþykkt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum aðliggjandi lóða.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

**Liður 2. 1711037 - Sléttaland Inr 165318: Ný lóð: Nýbyggingar: Fyrirspurn**

Lögð fram fyrirspurn Snilldarverks ehf. dags. 10. nóvember 2017 um málsmeðferð vegna stofnunar um 1 ha spildu utan um bragga í landi Áshóls Inr. 165262 og jafnframt að byggja þar 350-400 fm vélageymslu.

Niðurstaða:

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að stofnuð verði lóð utan um núverandi hús og telur að hægt verði að samþykkja byggingarleyfi fyrir nýrri vélageymslu á grundvelli grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Verður málið tekið til afgreiðslu þegar lóðablað sem sýnir afmörkun spildunnar liggur fyrir sem og aðaluppdrættir fyrirhugaðrar vélageymslu.

Hreppsnefnd (BJJ, ES, KÖ og NJ) staðfesta bókun skipulagsnefndar. EG vék af fundi undir þessum lið.

**Liður 3. 1711023 - Sjónarhóll: Tilkyningarskyld framkvæmd: Íbúðarhús – viðbygging**

## Hreppsnefnd

Lögð fram tilkynning Kristínar Óskar Ómarsdóttur og Pierre David Jónssonar dags. 8. nóvember 2017 um stækkun á íbúðarhúsi á lóðinni Sjónarhóll Inr. 198871 um 39,9 fm. Verður húsið 181,3 fm að stærð eftir stækkun. Í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina og er þar ekki gert ráð fyrir stækkun íbúðarhússins.

Niðurstaða:

Að mati nefndarinnar er, með vísun í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, um svo óverulegt frávík frá gildandi deiliskipulagi að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Er því ekki gerð athugasemd við að gefið verði út byggingarleyfi í samræmi við fyrirbyggjandi umsókn.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

### 5. Fjárhagsáætlun 2018-2021, fyrri umræða

Undir þessum lið mætti Björgvin Guðmundsson frá KPMG. Hann kynnti drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2018-2021 og forsendur á bak við áætlunina. Í kjölfar umræðna var fjárhagsáætlun vísað til síðari umræðu sem fer fram á 53. fundi hreppsnefndar 13. desember nk.

### 6. Ljósastaurar

Gerð tillaga að endurgreiðslu vegna bæjarlýsingar 54.000 kr. fyrir tvo ljósastaura á hvert heimili þar sem skráð er búseta.

Samþykkt.

### 7. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn miðvikudaginn 13. desember nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:50

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)